

Sveitarstjóri Dalabyggð

From: Eygerður Margrétardóttir <eygerdur.margretardottir@samband.is>
Sent: föstudagur, 18. júní 2021 12:59
Cc: Eygerður Margrétardóttir
Subject: Óskað eftir nokkrum sveitarfélögum til að rýna verkfærakistu í loftslagsmálum

Categories: Vistað í OneCRM; 2106022
One: -1

Sent til sveitarfélaga

Góðan dag.

Undanfarna mánuði hefur farið fram vinna við að útbúa verkfærakistu sveitarfélaga í loftslagsmálum sem ætlað er að styðja sveitarfélög við að setja sér loftslagsstefnu í sínum rekstri eins og kveðið er á um í lögum um loftslagsmál. Verkfærakistan er mótuð í samstarfi Sambands íslenskra sveitarfélaga og Umhverfisstofnunar með fjármagni frá Umhverfis- og auðlindaráðuneytinu. Sambandið leitar eftir aðkomu nokkurra sveitarfélaga helst víðs vegar um landið við að prufa vefsíðuna sem búið er að setja upp og veita nauðsynlega endurgjöf um þau gögn og upplýsingar sem eru í verkfærakistunni.

Í verkfærakistunni er að finna ýmis töl og fróðleik sem gerir sveitarfélögum kleift að meta losun sína og setja sér viðeigandi markmið og aðgerðir í loftslagsmálum, sem er grunnur fyrir mótun árangursríkrar loftslagsstefnu. Verkfærakistan inniheldur leiðbeiningar um gerð og innleiðingu loftslagsstefnu fyrir sveitarfélög. Hugmyndin er að í verkfærakistunni megi jafnframt nálgast loftslagsstefnur sveitarfélaga þegar þær eru tilbúnar.

Þau sveitarfélög sem vilja taka þátt í að rýna verkfærakistuna munu verða beðin um að:

- Mæta á upplýsingafund um rýni verkfærakistunnar þann 30. júní kl. 13:00 sem verður fjarfundur.
- Prufukeyra og rýna vefsíðuna hvert fyrir sig í sumar og jafnvel móta sér loftslagsstefnu ef mögulegt er. Athugið að safna getur þurft saman ýmsum gögnum úr rekstri sveitarfélagsins til að meta losun frá rekstri.
- Safna saman og skila ábendingum um það sem má betur fara á innri og ytri síðu verkfærakistunnar fyrir 24. ágúst nk. til sambandsins og Umhverfisstofnunar.

Óskað er eftir að áhugasamir fulltrúar sveitarfélaga sem sjá sér fært að taka þátt í rýni verkfærakistunnar í sumar sendi tölvupóst á netfangið eygerdur.margretardottir@samband.is fyrir 25. júní nk.

Með kveðju,



Eygerður Margrétardóttir
sérfræðingur í umhverfis- og úrgangsmálum
Beint innval: 515 4942
Netfang: eygerdur.margretardottir@samband.is

Samband íslenskra sveitarfélaga
Borgartúni 30, pósthólf 8100 128 Reykjavík
Sími: 515 4900 // Fax: 515 4903
www.samband.is

Vinsamlega athugið að þessi tölvupóstur og viðhengi hans eru eingöngu ætluð þeim sem tölvupósturinn er stílaður á og gætu innihaldið upplýsingar sem eru trúnaðarmál. Hafir þú fyrir tilviljun, mistök eða án sérstakrar heimildar tekið við tölvupósti þessum og viðhengjum hans biðjum við þig að fara eftir 9. mgr. 47. gr. laga nr. 81/2003 um fjarskipti og gæta fyllsta trúnaðar og tilkynna okkur að þau hafi ranglega borist þér.